



ALMENN BRAUT

Almenn braut AN1, (áður kölluð AB1) er eins árs námsbraut, fyrst og fremst ætluð nemendum sem ekki hafa náð þeim árangri í grunnskóla sem þarf til þess að innrita sig á aðrar námsbrautir í framhaldskóla. Námsbrautinni miðar að því að bæta stöðu nemenda í bóklegum greinum, kynna þeim náms- og starfsmöguleika og gera þá hæfari til þess að takast á við nám í framhaldsskóla og störf úti í samfélaginu. Skólinn velur alfarið fyrir nemendur á haustönn.

Skólinn bindur námsval á haustönn. Þá fara nemendur í tvo almenna bóknámsáfanga, ýmist 102 eða 193/293 eftir árangri nemanda í grunnskóla. Á vorönn geta nemendur valið meira. Á vorönn þurfa allir á AN1 að taka LKN291, ÍPR202/212, og UTN292.

Í framhaldi af AN1 í eitt ár er markmiðið að nemandi geti valið sérhæfða námsbraut, oft í framhaldi af kynningaráfanga á ákveðinni verknámsbraut eða bóknám ef áhugi og árangur gefur tilefni til þess. Til þess að nemandi geti skipt um námsbraut þarf hann uppfylla inntökuskilyrði viðkomandi námsbrautar.

| | | |
|---|--------------------------------|--------------------|
| Almennar greinar (þar af yfirleitt tvær bóklegar kjarnagreinar, ísl, ens, dan, stæ.) | | 16 - 19 ein |
| Íslenska | ÍSL 193, 293, 102/103, 202/203 | |
| Enska | ENS193, 293, 102/103, 202/203 | |
| Danska | DAN193, 293, 102, 202 | |
| Stærðfræði | STÆ193, 293, 102, 122 | |
| Lífsleikni | LKN192, LKN291 | 3 ein |
| Íþróttir | ÍPR102/112, ÍPR202/212 | 4 ein |
| Bóknámsáfangar af ýmsum brautum | | 3 – 6 ein |
| Sérgreinar | | 14 - 16 ein |
| Náms- og starfskynning | NSK196 | 6 ein |
| Upplýsingatækni | UTN192, UTN292 | 4 ein |
| Kynningaráfangar verknáms | ???194 | 4 - 6 ein |
| Alls | | 30 - 35 ein |

| Haustönn | Vorönn |
|-------------------------------|---|
| ÍSL, ENS, STÆ 193/293 eða 102 | ÍSL, ENS, DAN, STÆ 193/293 eða 102/202 |
| ÍSL, ENS, STÆ 193/293 eða 102 | ÍSL, ENS, DAN, STÆ 193/293 eða 102/202 |
| NSK196 | Kynning verknáms 4 - 6 ein eða bóklegt (???194) |
| ÍPR102/112 | ÍPR202/212 |
| LKN192 | LKN291 |
| UTN192 | UTN292 |
| 16 - 18 ein | 15 - 17 ein |

Áfangar með númer 193 og 293 eru upprifjun á efni grunnskóla.

Slíkir áfangar eru til í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku.

Í íslensku, ensku og dönsku byrja nemendur í 193 áfanga sem upprifjun. Nemandi sem fær einkunnina 5 eða 6 úr 193 áfanga hefur staðið áfangann en þarf að taka viðbótarupprifjun í áfanga 293. Nemandi sem fær einkunnina 7 eða hærri kemst beint í 1026 áfanga (hægferð).

Um upprifjunaráfanga í stærðfræði gildir að þeir nemendur sem eru rétt undir lágmarki úr grunnskóla fara beint í STÆ293 en þeir nemendur sem hafa mjög slakan árangur í grunnskóla eða þurfa að byrja aftur á grunnatriðum í reikningi taka fyrst STÆ193 og síðan STÆ293 áður en þau taka STÆ102.